

83

9. júní

## REGLUGERÐ

### um styrktarsjóð vangefinna.

1. gr.

Styrktarsjóður vangefinna skal vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans og daglega afgreiðslu mála, er sjóðinn varða.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka, en fé hans skal ætíð handbært til framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fé sjóðsins skal varið sem lánum eða styrkjum til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

Félagsmálaráðuneytið ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

84

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og  
Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr.	53052.35	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands .....	—	566.58	
			kr. 53618.93
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	kr.	2811.77	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands .....	—	28.30	
			— 2840.07
			Kr. 56459.00